



Reykjavík, 9. janúar 2020
R19120145
6631
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Kjalarnes - Saltvík - F reitur - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 9. janúar 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. desember 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 11. desember 2019 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Í gögnum með tillögunni stendur m.a. að: „Rökstuðningur fyrir því að reisa starfsmannahús er sú að hingað til lands kemur fjöldi starfsmanna í stuttar vinnutarnir, mismunandi fjöldi eftir árstíðum og erfiðlega hefur gengið að finna húsnæði fyrir. Með þessu móti þá getur fyrirtækið sinnt starfmönnum sínum vel, starfsmenn verða í einstaklingsherbergjum, einnig er nokkuð um að pör komi saman og er hugsað til þess.“ Þó að það sé almennt séð jákvætt að heyra um húsnæðisuppbyggingu þar sem skortur er á íbúðum þá getur það skapað valdaójafnvægi þegar starfsfólk er upp á atvinnurekendur komið með húsnæði. Slík dæmi höfum við því miður orðið ítrekað vitni að á íslenskum vinnumarkaði og með því að halda þessu aðgreindu má tryggja að einstaklingar verði pottþétt ekki heimilislausir skyldu þeir missa vinnu sína eða segja upp starfi sínu.

Helga Björk Laxdal
e.ú.